

Skýrsla stjórnar FOSS 2016 – 2017

43. aðalfundur FOSS var haldinn 19. maí 2016 á Hótel Selfossi. Dagskrá var samkvæmt lögum félagsins. Pamela Morrison stýrði fundi og Puríður Jónsdóttir ritaði fundargerð.

Formaður FOSS flutti úrdrátt úr skýrslu stjórnar sem send hafði verið í fréttabréfi til allra félagsmanna. Endurskoðandi félagsins, Jón Bergþór, skýrði ársreikningana og svaraði fyrirspurnum úr þeim.

Ragnheiður Elsa Busk flutti skýrslu orlofsnefndar og Guðjón Þór Emilsson flutti skýrslu fræðslusjóðs og svöruðu fyrirspurnum.

Samþykkt var tillaga stjórnar um óbreytt félagsgjald 1% af heildarlaunum.

Elva Björk Árnadóttir kynnti tillögu kjörnefndar í stjórn og nefndir félagsins.

Eftirfarandi voru tilnefndir:

Stjórn FOSS

Ásbjörn Sigurðsson, form. til 2ja ára

Puríður Jónsdóttir, til 2ja ára

Sigurjón P Guðmundsson, til 2ja ára

Svala Ósk Sævarsdóttir til 2ja ára

Þar sem ekki bárust fleiri tilnefningar voru ofangreindir aðilar sjálfkjörnir.

Fræðslusjóður

Guðjón Þór Emilsson til 2ja ára

Hanna Björk Grétarsdóttir til 2ja ára

Orlofsnefnd

Ragnheiður Elsa Busk til 2ja ára

Ingibjörg Kristín Ingadóttir til 2ja ára

Veiga Dögg Magnúsdóttir til 2ja ára

Skoðunarmenn reikninga

Svanhildur Pétursdóttir til eins árs

Guðrún Hárlaugsdóttir til eins árs

Kjörnefnd

Hafdís Sigurðardóttir aðalmaður til 2ja ára

Elva Björk Árnadótti, aðalmaður til 2ja ára

Rósa Sif Jónsdóttir, aðalmaður til 2ja ára

Kristján Gauti Guðlaugsson, varamaður til 2ja ára

Björn Eðvarð Grétarsson, varamaður til 2ja ára

Hrafnhildur Andrésdóttir, varamaður til 2ja ára

Ofangreindar tilnefningar samþykktar samhljóða á fundinum.

Undir liðnum önnur mál voru samþykktar tvær ályktanir, um styttingu vinnuvikurnar og um álag á vinnustöðum.

Undir lok fundarins var dregið í árlegu happadrætti og vakti það mikla kátínu að vanda.

Stjórn FOSS

Svala Ósk Sævarsdóttir og Sigurjón Pétur Guðmundsson voru kjörin ný í stjórn til tveggja ára og Þuríður Jónsdóttir var endurkjörin til setu í stjórn félagsins til tveggja ára. Þá var formaður félagsins endurkjörin til tveggja ára.

Á fyrsta fundi sínum skipti stjórnin þannig með sér verkum: Birna Kjartandóttir varaformaður, og Þuríður Jónsdóttir ritari. Meðstjórnendur eru Sigurjón Pétur Guðmundsson, Svala Ósk Sævarsdóttir, Kristín Erna Leifsdóttir og Dýrfinna Kristjánsdóttir.

Stjórnarfundir eru haldnir mánaðarlega og oftast ef þurfa þykir. Vinnudagur stjórnar var haldinn í september. Þar fer stjórnin yfir stefnu og samþykktir félagsins, leggur grunn að starfinu fram að næsta aðalfundi og gerir tímasettar áætlanir um það sem gera skal.

Kjarasamningar

Síðast liðið ár var fremur rólegt ár varðandi kjarasamningsgerð þar sem samið var við stærstu viðsejendur okkar í nóvember 2015 og gilda samningarnir til 2019. Þó hefur átt sér stað vinna við eftirfylgni samninganna varðandi bókanir og farinn er af stað vinna hjá starfsþróunarnefndinni varðandi endurskoðun á 10. kafla (fræðslumál) í kjarasamningi við sveitarfélögin.

Undirritaður var nýr stofnannasamningur við Fjölbrautaskóla Suðurlands á sl. ári. Helstu breytingar voru varðandi launaflokka. Þá var gerð leiðrétting á stofnannasamningi við Heilbrigðisstofnun Suðurlands einnig varðandi launaflokka. Gera þar síðan nýja stofnannasamninga á þessu ári vegna breytinga á launatöflu.

Vinna við rammasamkomulagið (SALEK) sem undirritað var í október 2015 milli aðila vinnumarkaðarins og BSRB er aðili að hefur ekki gengið eins til stóð og ekki er ljóst á þessari stundu hvort þetta nýja samningsmódel verði til framtíðar. Í samkomulaginu eru ákvæði um launaskriðstryggingar fyrir opinbera starfsmenn og hefur verið unnið við að reikna þær út sl. mánuði en ekki liggja fyrir útreikningar á þessari stundu.

Lífeyrismál

Á undanförunum árum hafa staðið yfir viðræður milli heildarsamtaka vinnumarkaðarins með það að markmiði að samræma lífeyrisréttindi milli opinbera og almenna vinnumarkaðarins.

Þann 19. september sl. undirrituðu formenn heildarsamtaka opinbera starfsmanna (BSRB, BHM og KÍ) samkomulag við fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og samband ísl. sveitarfélaga.

Markmið með þessu samkomulagi var að gera lífeyrissjóðina sjálfbæra, að samræma ávinnslu réttinda á milli markaða þannig að félagsmenn skaðist ekki á því færa sig á milli markaða og að jafna launamun á milli opinbera og almenna markaðarins.

Samkomulagið tekur gildi þann 1. janúar 2017 og eru allir starfsmenn hjá ríki og sveitarfélögum sem hefja störf eftir 1. júní 2017 í þessu nýja kerfi. Starfsmenn sem voru fyrir í LSR (A-deild) og Brú halda sínum fyrri réttindum og hefur ríkissjóður tryggt fjármagn til að standa undir gamla fyrirkomulaginu.

Helstu breytingar eru þessar:

Lífeyristökualdur hækkar úr 65 árum í 67 ár, lífeyristaka getur áfram verið breytileg eins og verið hefur.

Aldurstengd ávinnsla tekinn upp í stað jafnar ávinnslu.

Í samkomulaginu eru ákvæði um að skipaður verði samráðshópur til að greina launamun á milli opinbera- og almenna markaðarins og stefnt að því að búið verði að jafna þennan launamun á 6-10 árum.

Afgreiðsla Alþingis á ofangreindum breytingum var ekki í samræmi við samkomulagið að því leiti að þingið samþykkti ekki bakábyrgð lífeyrisgreiðslum til þeirra sem eru 59 ára og yngri við gildistíma laganna, ef til þess kemur að skerða þurfi lífeyrisgreiðslur. Lögin taka gildi þann 1. júní 2017

Starfsmat hjá Sveitarfélögum

Áfram verður unnið að því að efla starfsmatskerfi sveitarfélaganna, unnið verður að þróun kerfisins í samráði við stéttarfélög og verkefnastofa starfsmats eflid.

Í febrúar sl. hélt framkvæmdanefnd um starfsmat kynningarfund að Hótel Selfoss ætlaður fulltrúum stéttarfélaga og starfsmönnum sveitarfélaga.

Farið var yfir uppbyggingu kerfisins, hvernig nota má vefsíðu starfsmatsins og farið yfir verkferla varðandi starfsmat.

FOSS átti um 30 fulltrúa á þessum fundi, úr hópi trúnaðarmanna, stjórnar og starfsmanna.

Trúnaðarmannaráð

Trúnaðarmannaráð mynda stjórn FOSS og 40 trúnaðarmenn af öllu félagssvæðinu.

Að jafnaði eru haldnir um 2-3 fræðslufundir á ári og reynt að bjóða upp á fræðslu sem nýtist í starfi. Fyrirlesarar á síðastliðnu ári voru t.d. Jóhann Ingi Gunnarsson, sálfræðingur, Edda Björgvinsdóttir, leikkona sem er menntuð í jákvæðri sálfræði, menningarstjórnun og styrkleikaþjálfun, starfsmenn Virk og starfsmenn Styrktarsjóðs BSRB. Fundirnir eru yfirleitt vel sóttir af trúnaðarmönnum og stjórn.

Vinnustaðafundir

Vinnustaðafundir hafa verið haldnir á árinu, ýmist að frumkvæði trúnaðarmanna eða stjórnar FOSS. Vinnustaðir hafa líka haft samband og óskað eftir fundi með formanni eða starfsmönnum félagsins. Smærri fundir eins og vinnustaðafundir eru mjög gefandi og góðir félagslega til skoðanaskipta og upplýsinga.

Skrifstofan

Skrifstofa félagsins er að Austurvegi 38 á Selfossi, í rúmgóðu og björtu húsnæði. Þar er fundarherbergi fyrir minni fundi og starfsstöð fyrir 3 starfsmenn.

Skrifstofan er opinn mánudaga til fimmtudaga frá kl. 09:00 – 16:00 en lokað er á föstudögum. Starfsmenn á skrifstofu kappkosta að veita góða þjónustu og leysa úr erindum félagsmanna svo vel sem kostur er.

Starfsmenn á skrifstofu eru þær Stefanía Geirsdóttir og Árný Erla Bjarnadóttir auk þess sem formaður félagsins hefur viðveru á skrifstofunni á mánudögum frá 13.00 – 16.00

Félagsmenn eru nú tæplega 1000 og nær félagssvæðið okkar frá Hornafirði til Þorlákshafnar. Þar með talin eru öll sveitarfélög á félagssvæðinu og stofnanir þeirra ásamt Heilbrigðisstofnun Suðurlands, Fjölbrautaskólunum og nokkrum sjálfseignastofnunum. Viðsemjendur félagsins eru 25 en margir hafa falið samninganefnd samband ísl. sveitarfélaga(SNS) eða Samninganefndar ríkisins(SNR) samningsumboð sitt.

Heimasíða og prentað efni

Heimasíðan er fréttamiðill til að koma á framfæri ýmsum upplýsingum til félagsmanna.

Þar er að finna upplýsingar um félagið, lög og reglugerðir, kjarasamninga, umsóknareyðublöð og síðast en ekki síst mikilvægar upplýsingar og leiðbeiningar um starfsmatið og endurmat starfa.

Slóðin er: <http://foss.bsrb.is>

Heimasíðan tekur yfir ýmis konar útgáfu sem áður var send til félagsmanna. Gagnvirk umsóknareyðublöð eru á síðunni til að sækja um í orlofs- styrktar- og fræðslusjóði félagsins.

Í vaxandi mæli nota félagsmenn tölvupóst til að fá upplýsingar frá félaginu og er það góð og gagnleg leið til samskipta.

Tölvupóstfangið er: foss@foss.bsrb.is

Þá er að nefna facebook síðu FOSS. Er hún einkunn notuð fyrir fréttatilkynningar en einnig er möguleiki fyrir félagsmenn að koma með ábendingar og skoðanaskipti í gegnum síðuna. Slóðin er: <http://facebook.com/fossst>

Orlofsbæklingar eru gefnir út ásamt kjarasamningum.

Fræðslunefnd FOSS

Fulltrúar í Fræðslusjóði FOSS eru kosnir á aðalfundi félagsins til tveggja ára í senn. Einn fulltrúi er kosinn af stjórn félagsins og gegnir hann jafnframt formennsku.

Í stjórn Fræðslusjóðs eru Kristín Erna Leifsdóttir formaður, kosin af stjórn félagsins, Hanna Björk Grétarsdóttir starfsmaður hjá Hrunamannahrepp og Guðjón Þór Emilsson starfsmaður hjá Fsu kosin á aðalfundi félagsins. Starfsmaður FOSS starfar með nefndinni

Fulltrúar sjóðsins sjá um úthlutun úr sjóðnum og framkvæmd úthlutunarreglna. Vísindasjóður háskólamanna er vistaður hjá Fræðslusjóði. Endurmenntun stjórnar og trúnaðarmanna FOSS heyrir einnig undir sjóðinn.

Á síðast liðnu starfsári voru haldnir 10 fundir en ekki eru haldnir fundir í júlí og ágúst.

Á s.l. starfsári urðu breytingar á úthlutun úr sjóðnum. Umsóknir sem tilheyra starfssviði félagsmanns þurfa ekki lengur að fara fyrir fund heldur er greitt út mánaðarlega. Þar af leiðandi fækkar fundum nefndarinnar en ekki úthlutunum.

Reglur sjóðsins eru sífellt í endurskoðun og er von á endurskoðuðum reglum á næsta ári.

Viljum ítreka að styrkurinn fellur niður ef hans er ekki vitjað innan þriggja mánaða. Og að frumrit reiknings þarf að fylgja með umsókninni.

Fulltrúi Fræðslusjóðs segir nánar frá störfum sjóðsins á aðalfundi.

Mannauðssjóður Samflots

Um er að ræða starfsmenntunarsjóð sem starfar á grundvelli kjarasamninga. Sjóður veitir styrki til símenntunar og mannauðs og geta sveitarfélög, stofnanir og launagreiðendur sem greiða í sjóðinn sótt um styrk til sjóðsins.

Nánari upplýsingar um sjóðinn er að finna á heimasíðu sjóðsins <http://mannauðssjodur.samflot.is>

Samsvarandi sjóður fyrir ríkisstarfsmenn er Þróunar og símenntunarsjóður.

Orlofsnefnd FOSS

Í orlofsnefnd FOSS sitja Ragnheiður Elsa Busk form., Ingibjörg Kristín Ingadóttir og Veiga Dögg Magnúsdóttir, auk þess situr starfsmaður FOSS fundi. Fundir eru haldnir að jafnaði tvisvar á ári, oftast ef þurfa þykir.

Síðast liðið ár í orlofsmálum hefur verið ár flugmiða. Félagsmenn okkar virðast vera mikið á ferðinni erlendis sem er afar ánægjulegt. Íbúðin sem FOSS og StH eiga á Spáni er vel nýtt.

Allir félagsmenn hafa aðgang að orlofsvefnum okkar. Heimasíðan er www.foss.bsrb.is, velja flipann orlofsmál. Þar geta félagsmenn skoðað, bókað og greitt fyrir allt sem í boði er nema gjafamiða í Heimsferðir, Útilegukortið, Veiðikortið og Spalarmiða. Þessir miðar eru seldir á skrifstofu FOSS en hægt er að láta senda sér þá gegn því að lagt sé inn á reikning félagsins.

Orlofsblaðið kom út eins og venjulega í vor og var sent til allra félagsmanna. Einnig var gefið út Spánarblað í ár.

Margar spurningar hafa verið um orlofspunkta en félagsmaður fær 2 punkta fyrir hvern iðgjaldamánuð óháð starfshlutfalli. En svo dragast frá punktar þegar keyptir eru flugmiðar, hótelmiðar og vegna sumarleigu orlofshúsa.

Það er eingöngu punktastýrð úthlutun um páska og í Spánaribúðinni, en yfir hásumartímenn er punktastýrð opnun á kerfinu. Annars er það fyrstur kemur fyrstur fær.

Þegar opnað er fyrir ný tímabil er það auglýst á heimasíðunni og á facebook síðu FOSS, fossst, sem við hvetjum alla sem eru á facebook að læka við.

Fulltrúi orlofsnefndar mun flytja skýrslu nefndarinnar á aðalfundi.

BSRB

BSRB eru stærstu samtök opinberra starfsmanna á Íslandi, eru aðildarfélög 25 talsins og fjöldi félagsmanna tæplega 22.000.

Á heimasíðu BSRB www.bsrb.is er að finna allar upplýsingar um bandalagið og aðildarfélög þess. Spurt og svarað um réttindi félagsmanna sem lögfræðingar BSRB sjá um. Auk þess eru þar sérstakur réttindavefur, laga- og reglugerðavefur.

Réttindamál eru veigamikill þáttur í starfi BSRB enda eru á skrifstofu bandalagsins sérfræðingar á flestum sviðum vinnuréttar og kjaramála sem félögin geta að leitað til þegar upp koma erfið mál.

FOSS á fulltrúa í öllum fastanefndum BSRB.

Bæjarstarfsmannafélögin.

Samninganefnd bæjarstarfsmannafélaganna hafði forgöngu um það félögin myndu funda til að ræða sameiginleg málefni félaganna. Haldinn var 2ja daga fundur á Akureyri og voru mættir stjórnar- og starfsmenn félaganna 15. Fjöldmörg mál voru rædd á fundinum svo sem starfsmat, fræðslumál og umræður hvernig félögin gætu unnið betur saman og verið sterkari sem heild.

Eftirfarandi var samþykkt á fundinum:

- Skoðuð verði þátttaka í „Stofnun ársins“ borg eða bær.
- Landsfundur bæjarstarfsmannafélag verði hér eftir haldinn árlega.
- Unnið verði markvisst að því að verja landamærin milli BSRB og ASÍ féлага.
- Ráðist verði í kynningarátak vegna starfsmatsins.
- Skipuð verði samráðsnefnd bæjarstarfsmannaféлага gagnvart Sambandi ísl. sveitarfélaga sem snýr að sameiginlegum málum félaganna og eftirfylgni kjarasamninga.

Norrænt samstarf

FOSS í samstarfi við flest félög sveitafélagsstarfsmanna innan BSRB eru í norrænu samstarfi í samtökum sem kallast NTR Nordiske Tjenestemanns Råd.

Haldinn er ráðstefna annað hvert ár í einhverju norðurlandanna. Fulltrúar frá FOSS sátu ráðstefnu í Færeyjum í júní sl. Margir áhugaverðir punktar komu fram á ráðstefnunni sem við hjá íslensku félögum getum nýtt okkur.

Styrktarsjóður BSRB

FOSS er aðili að Styrktarsjóði BSRB. Hann var stofnaður í kjarasamningum og hóf starfsemi sína 1. janúar 2001.

Upplýsingar um úthlutunarreglur sjóðsins er að finna á heimasíðu hans www.styrktarsjodur.bsrb.is

Starfsendurhæfingarsjóður

Starfsendurhæfingarsjóður er stofnaður með aðild alls vinnumarkaðarins. Í síðustu kjarasamningum við ríki og sveitarfélög urðu opinberir starfsmenn aðilar að honum. Hlutverk Starfsendurhæfingarsjóðs er að draga markvisst úr líkum á því að launafólk hverfi af vinnumarkaði vegna varanlegrar örorku, með því að auka virkni, endurhæfingu og önnur úrræði.

FOSS er aðili að starfsendurhæfingarsjóðnum Virk sem starfar á Suðurlandi. Unnið hefur verið gríðarlega gott starf á þess vegum til hjálpar þeim sem hafa verið lengi út af vinnumarkaðnum vegna örorku eða atvinnuleysis.

Lífeyrissjóðir BRÚ og LSR

Allir félagsmenn FOSS sem fá greidd laun frá launaskrifstofu fjármálaráðuneytisins greiða í Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, svo og þeir félagsmenn sem hófu störf hjá sveitarfélagi eða stofnunum fyrir 1997 og völdu að vera þar áfram.

BRÚ(Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga) er kjarasamningsbundinn og er fyrir alla starfsmenn sveitarfélaga og stofnana þeirra sem hefja störf eftir gildistöku laga nr. 129/1997. Sjóðurinn er þriggja deilda sjóður. A deild, sem er sambærileg við A deild LSR, V deild sem gefur kost á valmöguleikum á viðbótariðgjaldið og S deild sem ætluð er fyrir séreign.

Forystumenn bæjarstarfsmanna sömdu um stofnun BRÚ (LSS) við Launanevnd sveitarfélaga. Sjóðurinn er því kjarasamningsbundinn og verður honum ekki breytt nema með samningum. Það er hluti af kjarasamningsbundnum kjörum að greiða í þá lífeyrissjóði sem FOSS hefur samið um.

Allar nánari upplýsingar um sjóðina er að finna á heimasíðum www.lifbru.is og www.lsr.is

Það er á ábyrgð sjóðsfélaga að velja sér leiðir, þær eru ekki eins fyrir alla, fer eftir fjölskyldumynstri, aldri o.s.frv. Það er nauðsynlegt að vekja stöðugt athygli félagsmanna á þeim möguleikum sem í boði

eru. Félagsmenn verða að vera vakandi um lífeyrissjóðsmál sín ekki síður en önnur réttindi, það getur skipt sköpum þegar að töku lífeyris kemur.

Reikningar FOSS

Rekstur FOSS er með ágætum. Ávöxtun sjóða félagsins er í höndum starfsmanna og endurskoðanda félagsins en hann mun skýra ársreikninga á aðalfundi félagsins.

Að lokum

Í skýrslu þessari hefur verið dregið saman það helsta úr starfi félagsins á síðastliðnu starfsári. Á heimasíðu FOSS er einnig að finna upplýsingar um mörg þau atriði sem upp eru talin ásamt öðru efni sem ekki var hægt að koma fyrir í stuttri skýrslu.

Ég vil þakka meðstjórnendum, nefndarmönnum og starfsmönnum fyrir störf í þágu félagsins. Þeim stjórnar- og nefndarmönnum sem láta af störfum vil ég þakka sérstaklega.

Síðast en ekki síst þakka ég ykkur öllum, félagsmenn góðir, ánægjulegt og gott samstarf á liðnu starfsári

Selfossi apríl 2017

fh. stjórnar FOSS

Ásbjörn Sigurðsson.